

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis- nefndasvið.

Reykjavík, 12.nóvember 2023

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna og lögum um ófrjósemisaðgerðir 16. mál.

Þann 30.október 2023 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn félagsins um ofangreint mál.

Við í stjórn Tilveru, samtaka um ófrjósemi fögnum og gleðjumst yfir frumvarpi um aukna greiðsluþátttöku í ófrjósemismeðferðum. Það er mikið fagnaðarefni að verið sé að hugsa um fólk sem glímur við ófrjósemi og að það þurfi ekki að vera í fjárhagsáhyggjum þegar það er ófrjósemismeðferðum.

Þær athugasemdir sem við viljum benda á er varða greiðsluþáttökuna, er að við myndum vilja sjá frumvarpið ganga mun lengra. Frumvarpið þyrfti að vera á þann hátt að það væri hægt að koma einnig á mótis við þá sem þurfa fleiri en 4 meðferðir, frekari rannsóknir og aðgerðir eða gjafakynfrumur. Við í stjórn Tilveru vitum að það er mikill fjöldi einstaklinga sem tilheyrir þeim hópi og eiga engan rétt á stuðningi. Sá hópur er viðkvæmastur, eyðir lang mestu fjármagni og þyrfti á mestu fjárhagsaðstoðinni að halda, en fær því miður enga. Við myndum vilja að þessi hópur myndi líka fá frekari stuðning.

Virðingarfyllst, stjórn Tilveru.